

HÚSÖNDIN



13.tbl. 1.árg.
2.maí 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 3.-9.MAÍ 2018



- 3.5 *Brynja Ingólfssdóttir, Marge Neissar*
4.5 *Agnes J. M. Lebeaupin, Edda Stefánsdóttir, Guðjón Þorsteinsson,
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir Rósa Emelía Sigurjónsdóttir*
6.5 *Ellert Rúnar Finnbogason, Sigríður Stefánsdóttir*
7.5 *Halldór Árnason*
8.5 *Bárður Jón Gunnarsson, Sunna Dís Þórhallsdóttir, Tinna Sigurrós Zarióh*
9.5 *Kristín A. Sigurðardóttir Hammer, Sigrún Sverrisdóttir*



AÐALFUNDUR MÝSKÖPUNAR EHF VERÐUR
HALDINN Á SEL-HÓTEL MÝVATN
MÁNUDAGINN 7. MAÍ 2018 KL 16:00

Efni: Venjuleg aðalfundarstörf s.b.r. samþykktir félagsins, m.a.:

Hagur og rekstur félagsins 2017
Efnahags- og rekstrarreikningar 2017
Kosning stjórnar, endurskoðanda/skoðunarmanna
Ráðstöfun hagnaðar
Önnur mál



Ljúflingsmál

-útgáfutónleikar

í sal Borgarhólsskóla, Húsavík

Laugardaginn 5.maí kl.15:00-17:00

Kammerkór Norðurlands heldur tónleika í sal Borgarhólsskóla, Húsavík til kynningar á efni af nýjum diskum kórsins. Kórinn hefur lagt metnað í flutning á ættjarðarlögum og nýrri íslenskri kórtónlist, og er það vel við hæfi því tónleikarnir eru hluti af opinberri dagskrá í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Auk þess verða flutt sýnishorn verkefna síðasta árs.

Stjórnandi kórsins er Guðmundur Óli Gunnarsson.

Miðaverð: 2500 kr.

(miðar seldir við innganginn – ath enginn posi)



KÆRU LESENDUR OG VIÐSKIPTAVINIR

Blaðið kemur út á miðvikudögum. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl 14:00 á þriðjudögum.

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing: 2.800 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing: 3900 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing: 5.000 kr. m/vsk.

Þið getið haft samband við mig í

síma 849-2804

eða með tölvupósti husondin@gmail.com.



LITLIR KATLAR HAFA OG EYRU



HAMBORGARAVEISLA

Næstkomandi laugardagskvöld 5.maí verðum við með
hamborgaraveislu í Kaffi Borgum

Gömlu góðu borgararnir ásamt nokkrum nýjum og spennandi
borgunum á matseðlinum.

Einstakt vortilboð – 1.500 kr. borgarinn



Húsið opnar kl. 19:00
Borðpantanir í síma 698-6810

AKSTURSSJÓÐUR HSP – FRÆÐSLUSJÓÐUR HSP – AFREKSMANNASJÓÐUR HSP



Stjórn HSP auglýsir eftir umsóknum um styrk úr Aksturssjóði HSP

Tilgangur sjóðsins er að taka þátt í ferðakostnaði vegna þátttöku barna og unglinga, 18 ára og yngri, á félagssvæði HSP í skipulögðum íþróttaæfingum og/eða skipulögðu félags- og æskulýðsstarfi, á vegum aðildarfélaga HSP.

Eingöngu félagar innan aðildarfélaga HSP geta sótt um styrki úr sjóðnum. Umsækjendur geta verið foreldrar/forráðamenn, hópur foreldra eða aðildarfélög HSP. Reglugerð sjóðsins og umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu HSP www.hsth.is

Stjórn HSP auglýsir einnig eftir umsóknum um styrk úr Fræðslusjóði HSP

Tilgangur sjóðsins er að auka menntun og þekkingu félaga innan HSP á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi, með því að sækja námskeið, fundi og ráðstefnur ef stjórn sambandsins álitur það íþrótta- og félagslífi í héraði til framdráttar.

Öll aðildarfélög innan HSP og félagsmenn þeirra eiga rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Reglugerð sjóðsins og umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu HSP www.hsth.is

Umsóknarfrestur í báða sjóði er til og með 15. maí n.k. og skal umsóknum skilað rafrænt á hsth@hsth.is. Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri.

Að lokum vill stjórn HSP minna á Afreksmannasjóð HSP. Reglugerð sjóðsins og umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu HSP www.hsth.is



SAMKOMUTJALD HSP TIL LEIGU Í SUMAR

Tjaldið er 46 m², borð og stólar fyrir 36 manns fylgja. Nokkrar helgar eru nú þegar fráteknaðar. Helgin kostar 40.000 kr. og hver auka dagur 10.000 kr. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu HSP í s. 896-3107 eða gegnum netfangið hsth@hsth.is.



HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á ÞVÍ AÐ KAUPA ÍBÚÐARHÚSNÆÐI?

Atvinnumálanefnd Skútustaðahrepps boðar til íbúa- og kynningafundar um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Klappahrauni, þriðjudaginn 8. maí kl. 20:00 í Reykjahlíðarskóla. Allir áhugasamir íbúar og rekstraraðilar eru hvattir til þess að mæta til að kynna sér hugmyndir um byggingu húsnæðis. Ljóst er að talsverð eftirspurn er eftir íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og er fundurinn liður í því að kortleggja eftirspurnina og kynna þá möguleika sem koma til greina.

Dagskrá:

1. Kynning á Húsnæðisáætlun Skútustaðahrepps
2. Kynning verktaka/aðila á hugmyndum um uppbyggingu í Klappahrauni
3. Kynning Sparisjóðs Suður-Þingeyinga um möguleika á fjármögnun fyrir einstaklinga

Í lok fundar verður tekið við skráningum frá áhugasömum aðilum, bæði einstaklingum og rekstraraðilum, sem hafa áhuga á því að kaupa íbúðarhúsnæði í Klappahrauni.

Atvinnumálanefnd Skútustaðahrepps



ORLOFSFERÐ HÚSMÆÐRA Í SUÐUR ÞINGEYJARSÝSLU 2018

(Ath. allar konur sem hafa haldið heimili án launagreiðslu hafa rétt til að fara í þessa ferð og fá til þess styrk úr húsmæðraorlofssjóði)

Í ár er stefnt að orlofsferð á slóðir hins fúla Martins læknis á Cornwall á Englandi, dagana 4. til 8. október.

Innifalið í verði er flug frá Keflavík til London, gisting í 4 nætur með morgunverði, rúta um svæðið, kvöldverður á komudegi, hádegisverður á degi 2 og cream tea, aðgöngumiði í kastala, aðgöngumiði í enskan „garð“ og íslensk fararstjórn.

Áætlað verð er 105.500 kr. á konu. Frá því verði dregst svo styrkurinn. Hér gefst kostur á að njóta fallegra sveita Englands og dásamlegra smáþorpanna en um leið að komast í verslunarleiðangur í borg. Ferð sem engin kona í Suður -Þingeyjarsýslu ætti að láta fram hjá sér fara (pundið er líka hagstætt).

Skráning þarf að berast fyrir 10. maí, ásamt staðfestingargjaldi kr. 15.000 á konu. Skráningin er bindandi.

Fararstjóri er Jónína Ólafsdóttir og flogið verður með Icelandair.

Skráning og upplýsingar hjá: Sigrúnu Jónsdóttur Sólgarði, s. 8991010 og netfang: solgardur@simnet.is, Torfhildi Sigurðardóttur Melhúsum, s. 8953356 og netfang: tolla@storutjarnaskoli.is og Ingu Árnadóttur Þórisstöðum, s. 8627717 og netfang: thorissadur@internet.is



STARFSFÓLK ÓSKAST Á LEIKSKÓLAN YL



Leikskólakennari eða aðili með sambærilega menntun óskast við leikskólann Yl í Mývatnssveit hið fyrsta. Um er að ræða 100% stöðu og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 15. maí. Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf leikskólakennara eða menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð
- Góð færni í samvinnu, samskiptum og teymisvinnu
- Áhugi á starfi með börnum skýlirði
- Áhugi á starfsþróun og nýjum fjölbreyttum áherslum í skólastarfi
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Einnig vantar afleysingu í 100% stöðu strax. Menntun kostur en ekki skylda.

Leikskólinn Ylur er með 32 börn. Stefna leikskólans er Lífsleikni sem byggir á dygðakennslu. Verið er að hefja innleiðingu á Heilsueflandi leikskóla, Jákvæðum aga og Karellen leikskólakerfinu svo eitthvað sé nefnt. Mikil uppbygging í gangi og skemmtileg verkefni framundan. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 821 9404. Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps. Skila þarf umsóknum ásamt ferilskrá á skrifstofu Skútustaðahrepps eða senda á netfangið ingibjorg@skutustadahreppur.is



Menningarfélagið Gjallandi þakkar innsent efni og munum við halda áfram að birta það í Húsöndinni. Nú erum við sérstaklega að leita að ljóðum frá ykkur kærur lesendur.

Netfangið er gjallandi@gjallandi.is



ARE YOU INTERESTED IN BECOMING A HOMEOWNER?

The acting Committee of Employment at the Skútustaða municipality invites all residents to a presentation regarding the housing development in Klapphraun on Tuesday the 8th of May at 20.00 hrs at Reykjahlið school. All interested residents and local businesses are encouraged to attend and acquaint themselves with the development project in Klapphraun. There is clearly a demand for housing in the area. This meeting is about putting ideas forward, to gauge and record the demand for more housing and get a clear picture of how many interested parties there are at this time.

AGENDA:

1. Skútustaða municipality to introduce the housing plan.
2. Contractors/builders introduce proposed development of Klapphraun.
3. Sparisjóður Suður-Þingeyinga propose possible financing loans enabling individuals to become homeowners.

At the end of the meeting those interested in securing a property/house in Klapphraun have the opportunity to register their names.

Employment Committee
Skútustaða Municipality

LITUM!

